

nein önnur af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvörp samkvæmt konungsóurskurði 4. janúarmán. 1861.

1867.
3. júní.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

3. júní.

Samkvæmt bræfi dómsmálastjórnarinnar 23. aprílmán. 1864 skal það hér með kunngjört Deild hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt félaginu 150 rd. styrk til að halda úfram að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“, og hefir í dag verið hlutast um, að fê þetta verði greidd fêhírdi deildarinnar, Stephensen etazráði, úr aðalfêhirzlu ríkisins.

26. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.

8. júní.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með bræfi yðar 30. aprílmán. þ. á., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fútækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestaekku um sig:

Uppgjafapresti Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi	15 rd.
— Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Stadarhrauni	55 —
— Jóni Sigurðssyni frá Söndum	60 —
— Stefáni Hanssyni úr Fljótshlíðarþingum	15 —
Prestaekku Arnbjörgu Jóhannesdóttur	10 —
— Helgu Jónsdóttur	30 —
— Salbjörgu Jónsdóttur Reykdal	20 —